

Ed.

685. Nefndarálit

um frumvarp til laga um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum.

Frá menntamálanefnd.

Enda þótt nefndin viðurkenni að ýmsu leyti þá höfuðhugsun, sem felst í frv., þá treystir hún sér ekki til að leggja með samþykkt þess. Styður nefndin

þá niðurstöðu sína við ummæli hr. fræðslumálastjóra Freysteins Gunnarssonar í bréfi dags. þ. 4. maí s. l., sem er prentað hér sem fylgiskjal.

Alþingi, 13. maí 1933.

Jón Jónsson,
form.

Guðrún Lárusdóttir,
fundaskr., frsm.

Einar Árnason,
með fyrirvara.

Fylgiskjal.

FRÆÐSLUMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 4. maí 1933.

Samkvæmt beiðni háttv. menntamálanefndar efri deildar hefi ég athugað frv. á þskj. 224, um lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum.

Hugmyndin um það, að „efla samtímis ræktun lands og lýðs“, er að visu göfug og allrar virðingar verð og hvatamanni þessa máls til hins mesta sóma. En sú leið, sem hér á að fara, er að mínu álitum varhugaverð. Stærsti annmarkinn, sem ég tel vera á þessu máli, er sá, að hér á að beita þvingun, og henni tvöfaldri. Í fyrsta lagi á að þvinga menn til vinnu og í öðru lagi til náms. Þegn-skylduvinna er hér lítt reynd, en þó borin von um að vel myndi reynast. Um hitt er aftur meiri reynsla, hvernig skyldunám gefst. Og sú reynsla virðist mér allt annað en glæsileg. Ég hefi mjög litla trú á árangri slíks náms. — Allt öðru máli væri að gegna, ef fólk það, sem hér á hlut að máli, mætti sjálfst greiða atkvæði um skylduvinnu og skólanám. Ef hægt væri að vekja svo sterkan áhuga unglínganna sjálfra, sem námsins eiga að njóta, að almenn þátttaka yrði í frjálstri vinnu, þá væri viðhorfið allt annað.

Virðingarfyllt.

Freysteinn Gunnarsson.